

## Tilfærsluáætlun og útskrift nemenda með miklar sérþarfir úr grunnskólum Mosfellsbæjar

Þegar nemandi með miklar sérþarfir útskrifast úr grunnskólum í Mosfellsbæ skal útbúa fyrir hann einstaklingsbundna tilfærsluáætlun til að skapa betri skilyrði fyrir nám hans í framhaldsskóla. Gerð tilfærsluáætlunarinnar hefst í 9. bekk og lýkur í 10. bekk. Í henni skulu koma fram upplýsingar um grunnskólagöngu nemandans, núverandi aðstæður og áform um frekara nám.

Skólastjóri ber ábyrgð á tilfærsluáætluninni en verkefnastjóri sérkennslu á eldra stigi sér til þess að hún sé unnin.

Í foreldraviðtölum í tengslum við gerð einstaklingsnámskrár skal rætt um hvert nemandi stefni að grunnskólagöngu lokinni og raunhæfir möguleikar á áframhaldandi námi kynntir. Þetta skal gert þegar nemandi sækir 9. og 10. bekk og taka skal mið af framtíðarsýn foreldra/forráðamanna og nemandans við gerð einstaklingsnámskrár og tilfærsluáætlunar.

Þegar nemandi útskrifast úr grunnskóla skal afhenda foreldrum/forráðamönnum afrit af þeim gögnum sem þurfa að fylgja á milli skólastiga svo sem helstu greiningum, þroskamati, skriflegri greinargerð um náms- og félagslega stöðu nemandans og annað sem kann að nýtast við móttöku hans í nýjum skóla. Foreldrar bera ábyrgð á að koma þessum gögnum til móttökuskólans.

Við lok 10. bekkjar skal nemandi með miklar sérþarfir standa til boða að fara í kynnisferð í framhaldsskóla ásamt sérfræðingi skólans og foreldrum/forráðamönnum. Þar mun nemandinn fá fræðslu um uppbyggingu starfsdeildarinnar, námið og fleira.

## REGLUGERÐ um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/585-2010>

17. gr.

*Einstaklingsbundin tilfærsluáætlun.*

Þegar nemandi nýtur sérúrræða, skv. ákvæðum þessa kafla, skulu kennarar, og aðrir fagaðilar ásamt nemandanum og foreldrum hans, taka þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar sem byggir á einstaklingsáætlun og öðrum gögnum og skal miða við að undirbúningur hennar hefjist í 9. bekk.

Í áætluninni skulu vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, núverandi aðstæður og stöðu og áform hans um frekara nám. Ennfremur aðrar upplýsingar vegna fyrirhugaðs náms hans við hæfi í framhaldsskóla og síðar fyrir þátttöku í atvinnulífi.

# REGLUGERÐ

## um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum.

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/230-2012>

### *Einstaklingsbundin tilfærsluáætlun.*

Þegar fatlaður nemandi sem stundað hefur nám á starfsbraut útskrifast úr framhaldsskóla skal honum fylgja einstaklingsbundin tilfærsluáætlun þar sem gerð er skrifleg grein fyrir náms- og félagslegri stöðu hans, auk brautskráningarskírteinis.

Markmiðið með áætluninni er að skráðar séu nauðsynlegar upplýsingar sem skipta máli þegar kemur að námi að loknum framhaldsskóla, starfsþátttöku og sjálfstæðu lífi nemandans.

Í áætluninni skal skrá upplýsingar um framvindu í námi og starfsþjálfun, framtíðaráform viðkomandi nemanda, aðstæður, áhuga, óskir og hæfni nemandans. Í áætluninni þarf einnig að koma fram hvernig eftirfylgni við nemandann þarf að vera háttáð í framhaldi af skólagöngu hans í samstarfi við viðeigandi aðila.

Nemandi og foreldrar hans skulu taka þátt í gerð áætlunarinnar eftir því sem við á. Mikilvægt er að áætlunin sé í stöðugri endurskoðun á námstímanum og taki mið af námsframvindu og aðstæðum nemandans.

Ráðuneytið lætur framhaldsskólum í té viðmið um gerð tilfærsluáætlana fyrir nemendur á starfsbrautum.